

Fundargerð 382

Föstudaginn 29. apríl 2011 kl. 12:00, kom stjórn Byggðastofnunar saman til fundar að Ártorgi 1, Sauðárkróki. Þessir stjórnarmenn sátu fundinn; Anna Kristín Gunnarsdóttir formaður, Bjarni Jónsson, Arndís Soffía Sigurðardóttir, Ásmundur Sverrir Pálsson, Drífa Hjartardóttir, Herdís Á. Sæmundardóttir og Sturla Böðvarsson. Auk þeirra sátu fundinn; Aðalsteinn Þorsteinsson forstjóri, Elín Gróa Karlsdóttir (við dagskrárliði 1-2), Hjalti Árnason (við dagskrárliði 6-7), Snorri Björn Sigurðsson og Magnús Helgason sem jafnframt ritaði fundargerð.

Eftirfarandi dagskrá lá fyrir fundinum:

1. Fundargerð síðasta fundar.
2. Fundargerðir lánanefndar.
3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun – beiðni um umsögn.
4. Fundur með iðnaðar- og innanríkisráðherra 6. apríl sl.
5. Rekstur janúar til mars 2011 – til upplýsingar.
6. Ársfundur.
7. Önnur mál.

Formaður setti fund kl. 12:30 og gekk til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar.

Formaður bar fundargerð síðasta fundar nr. 381 (f.skjal 1) upp til samþykktar. Fundargerð var samþykkt samhljóða og dreift til undirritunar.

2. Fundargerðir lánanefndar

Fundargerð lánanefndar nr. 05/11, 7. apríl 2011. (f. skjal 2)

AÐ kynnti fundargerðina.

..

Fundargerðin staðfest.

Fundargerð lánanefndar nr. 06/11, 19. apríl 2011.

AÐ kynnti fundargerðina.

..

Fundargerðin staðfest.

...

Óskað var eftir að stjórnarmönnum verði sendur listi yfir lán sveitarfélaga hjá stofnuninni.

EGK vék af fundi.

3. Frumvarp til laga um breytingu á lögum um Byggðastofnun – beiðni um umsögn

AÐ fór yfir málið. Byggðastofnun hefur borist beiðni um umsögn um „Frumvarp til breytinga á lögum nr. 106/1999, um Byggðastofnun“ (f. skjal 3).

Lagt var fram minnisblað til stjórnar skrifað af forstöðumanni lögfræðisviðs.

Stjórn leggur fram eftirfarandi bókun sem send verður Alþingi sem umsögn stjórnar Byggðastofnunar:

„Byggðastofnun hefur borist til umsagnar frumvarp til breytinga á lögum nr. 106/1999 um stofnunina og frestur til umsagnar er veittur til 2. maí 2011.

Lagabreytingin sjálf er stutt en fyrsta grein frumvarpsins er svohljóðandi:

1. másl. 2. mgr. 3. gr. laganna orðast svo: Ráðherra skipar á ársfundi fimm menn í stjórn Byggðastofnunar og jafnmarga til vara til eins árs í senn

Í seinni grein frumvarpsins er svo lagt til að löggin öðlist þegar gildi.

Þetta felur í sér þá breytingu að frá næsta ársfundi Byggðastofnunar sitji fimm menn í stjórn hennar í stað sjö áður.

Nú stendur yfir vinna nefndar undir formennsku Gunnars Svavarssonar um framtíðarfyrirkomulag á lánastarfsemi Byggðastofnunar, auk þess sem í gangi er vinna við almenna endurskoðun á stoðkerfi atvinnulífsins. Það er skoðun stjórnar Byggðastofnunar að það sé algerlega ótímabært nú að taka á þessu stigi ákvörðun um breytingu á fjölda fulltrúa í stjórn Byggðastofnunar. Þingmálið sem hér liggur fyrir lýtur að því einu að fækka stjórnarmönnum úr 7 í 5, en snýr ekkert að hæfi þeirra, eins og gefið er í skyn í athugasemdum með frumvarpinu, enda þarf ekki að breyta lögum um Byggðastofnun til þess að uppfylla hæfisreglur laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002.

Rökin fyrir þessari breytingu eru færð fram í athugasemdum við frumvarpið. Rakið er að gríðarlegar breytingar hafi orðið á fjármálakerfi landsins á síðustu árum og hrun þess orðið haustið 2008 með margvíslegum afleiðingum fyrir Byggðastofnun, sem hafi starfað á grundvelli núverandi skipulags í rúman aldarfjórðung. Talið er að með fækkun stjórnarmanna úr sjö í fimm megi ná fram aukinni skilvirkni í störfum Byggðastofnunar auk þess sem þessi ráðstöfun muni lækka kostnað við stjórnun stofnunarinnar.

Það er vandséð að sú fækkun stjórnarmanna sem hér er lögð til komi til með að breyta einhverju um skilvirkni í störfum stofnunarinnar, enda er það ekki rökstutt á nokkurn hátt í frumvarpinu. Störf og hlutverk stjórnar Byggðastofnunar eru skilgreind í lögum um stofnunina og ekki verður séð að það breyti neinu, um hæfni stjórnarinnar til þess að takast á við þessi verkefni, að í henni sitji fimm fulltrúar í stað sjö. Með heimild í 14. gr. reglugerðar um Byggðastofnun nr. 347/2000 hefur stjórn Byggðastofnunar framselt vald sitt til ákvörðunar um einstakar lánveitingar til lánanefndar Byggðastofnunar, sem stýrt er af forstjóra. Verklagsreglur um störf lánanefndar hafa verið í gildi síðan 2003 og hafa ákvarðanir til afgreiðslu stjórnar, tengdar einstökum lánveitingum eða aðrar ákvarðanir tengdar lánastarfsemi stofnunarinnar, því verið hverfandi á síðustu árum.

Samkvæmt umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytisins um frumvarpið er talið að árlegur kostnaður við yfirstjórn stofnunarinnar geti lækkað um rúmar tvær milljónir króna á ári, verði frumvarpið að lögum. Ekki er þó gert ráð fyrir að lögfesting þess breyti neinu um fjárhæð rekstrarstyrks til stofnunarinnar úr A-hluta ríkissjóðs sem nemur 286 m.kr. í fjárlögum 2011, enda einungis um að ræða 0,7% lækkun á heildarrekstrarkostnaði stofnunarinnar samkvæmt fjárlögum 2011.

Í frumvarpinu eru einnig raktar breytingar sem orðið hafa á lögum um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sem Byggðastofnun starfar eftir. Lög nr. 75/2010, um breytingar á lögum 161/2002, gera auknar kröfur til hæfis stjórnenda og framkvæmdastjóra fjármálafyrirtækja, m.a. auknar kröfur um menntun sem nýtist í starfi og þekkingu á þeirri starfsemi sem fjármálafyrirtæki stundar. Í frumvarpinu er því talið að fulltrúar í stjórn Byggðastofnunar þurfi því að hafa a.m.k. grunnþekkingu á málefnum atvinnulífs á landsbyggðinni. Óhætt er að fullyrða að það eigi við um alla núverandi stjórnarmenn stofnunarinnar og fullyrða má að þeir búi einnig yfir þeirri þekkingu á starfsemi stofnunarinnar sem til er ætlast. Fjármálaeftirlitinu var sent bréf í lok janúar 2011 þar sem lýst var því álit regluvarðar Byggðastofnunar að núverandi stjórnarmenn hennar uppfylltu þær hæfiskröfur sem gerðar eru til þeirra í lögum 161/2002, eins og þeim var breytt með lögum 75/2010. Fjármálaeftirlitið hefur ekki gert athugasemdir við þetta álit og því verður ekki séð að þessar breytingar á hæfisreglum laga um fjármálafyrirtæki sem raktar eru í frumvarpinu gefi tilefni til þeirrar breytingar á lögum um Byggðastofnun sem hér er lögð til.

Að öllu þessu virtu verður hvorki séð að umrædd fækkun stjórnarmanna sé nauðsynleg né að sparnaður sá sem næst fram með henni sé verulegur, en áætlað er að með henni sparist rúmar 2 milljónir króna við yfirstjórn stofnunarinnar. Hins vegar má áætla að þessi breyting komi til með að draga úr reynslu og þekkingu innan stjórnarinnar sem getur varla talist æskilegt með hliðsjón af því fjölbreytta hlutverki sem stjórninni er falið í lögum og reglugerð, þar sem stjórn eru falin mörg verkefni sem snerta ekki lánastarfsemi stofnunarinnar. Sé einnig horft til þeirrar tillögu sem fram kemur í athugasemdum með frumvarpinu, að til greina komi að fela valnefnd Bankasýslu ríkisins að tilnefna tvo stjórnarmenn af þeim fimm sem ætlað er að sitji í stjórn, verður að telja að verið sé að leggja of mikla áherslu á að skipa Byggðastofnun stjórn sem fjármálafyrirtæki á kostnað annarra verkefna stjórnar sem eru þó ærin. Með hliðsjón af því að ákvarðanir um einstök lánamál og aðrar ákvarðanir tengdar lánastarfsemi stofnunarinnar eru orðnar lítill hluti af störfum stjórnar, eins og áður var rakið, getur sú þróun ekki talist æskileg“.

Samþykkt samhljóða.

4. Fundur með iðnaðar- og innanríkisráðherra 6. apríl sl.

Umræður voru um fund stjórnar með ráðherrunum. Stjórnarmenn lýstu ánægju með fundinn. Í kjölfar hans er komið á beint samband við innanríkisráðuneytið.

5. Rekstur janúar til mars 2011 – til upplýsingar.

AÐ og MH fóru yfir 3. mánaðar uppgjör stofnunarinnar og dreifðu sundurliðun á rekstrarkostnaði (f. skjal 5).

6. Ársfundur

Ákveða þarf nýja dagsetningu vegna ársfundar. Ákveðið var að kanna möguleika á að halda fundinn miðvikudaginn 25. maí nk.

7. Önnur mál

8. AÐ dreifði minnisblað um ferð starfsmanna fyrirtækja- og lögfræðisviðs um suður- og austurland í mars sl.

SBS sagði frá nokkrum verkefnum sem unnið er að á þróunarsviði þessar vikurnar. Sagði hann frá stöðu verkefnisins um samfélagsleg áhrif efnahagshrunsins. Einnig að reikna megi með aðkomu stofnunarinnar að sóknaráætlun landshluta, vinnu við mat á vaxtarsamningum á Norðurlandi en samningar um þá runnu út um síðustu áramót og stofnun Atvinnuþróunarfélags Suðurnesja 27. apríl sl. Samkvæmt nýundirrituðum samningi Byggðastofnunar og Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum fær félagið til ráðstöfunar 20 mkr. á ári en þar verða til 4 ný stöðugildi. SBS gat þess í framhaldi af fréttum um að ríkisstjórnin hefði lýst yfir vilja til jöfnunar flutningskostnaðar að Byggðastofnun væri best til þess fallin að hafa umsjón með því verkefni og minnti á skýrslur sem stofnunin vann 2004 og 2005.

BJ vildi koma því til þeirra stjórnarmanna sem sitja í nefnd iðnaðarráðherra um endurskoðun á framtíðarhlutverki lánastarfsemi Byggðastofnunar að stofnunin gæti tekið að sér að vera þjónustuaðili fyrir sparisjóðina í framtíðinni, sjái til dæmis um bakvinnslu.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 16:22

Magnús Helgason, fundarritari

_____	_____
_____	_____
_____	_____
_____	_____